

## Fundur í Fjallskiladeild Austursíðu afréttar

Haldinn að Keldunúpi 03/08/2022

Mættir voru: Rúnar Guðnason, Marvin Einarsson og Björn Helgi Snorrason

Gerðir fundarins.

1. Nefndin skiptir með sér verkum svohljóðandi. Formaður Rúnar Þorri Guðnason, Ritari Marvin Einarsson, Meðstjórnadi Björn Helgi Snorrason.
2. Fjallkóngur var ákveðinn Sigurður Kristinsson í báðum söfnum eins og undanfarin ár.
3. Farið verður í fyrsta safn 6. September og í annað safn 23. September. Fossrétt verði 9. September kl 09:00. Réttarstjóri Rúnar Þorri Guðnason
4. Ákveðið að fara í landbótaferð við fyrsta tækifæri á næstu vikum. Rúnari falið að kalla saman mannskap til hennar.
5. Anna Harðardóttir hefur undanfarin ár séð um sameiginlegt mötuneyti í söfnum Austursíðu afréttar en hefur nú beðist undan þeim verkum. Þökkum við Önnu fyrir vel unnin störf. Ákveðið að kanna hvort einhver hafi áhuga fyrir því að sinna þessu starfi. Marvin ætlar að athuga með það.
6. Ákveðið að halda fund með öllum upprekstraraðilum á Austursíðu afrétt í vetur til að ræða framtíð Lögréttarinnar á Fossi en er hún örðin ansi hrörleg á köflum. Þörf er á talsverðum úrbótum á henni ef vel á að vera.
7. Önnur mál. Talað um hvort halda eigi fund með fjallskiladeild vestur og mið-afréttar vegna smölunar heiðalanda sem liggja að báðum afréttum.

Fleira ekki gert.

# Fjallskilaseðill Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis



2022

# Fjallskilaseðill 2022

**Fjallskilanefnd Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis ákveður fjallskil haustið 2022 sem hér segir:**

Ábúendur og eigendur jarða vestan Hverfisfljóts, senda menn í afréttarsöfn samkvæmt meðfylgjandi skrá. Gangnaforingi í söfnum verður Sigurður Kristinsson, Hörgslandi 2.

1. **Í fyrsta safn verður farið þriðjudaginn 6. september** nk. Gangnamenn á Mið- og Austur-afrétti skulu hittast efst á Bugahálsi í fyrsta safni. Ábúendur Mörtungu skulu smala þverártungur og austanverðan Kaldbak í samráði við gangnaforingja. Rekið skal til réttar í Hörgsdal og þar skulu gerð skil til lögréttar á Fossi. Réttaraðstaða í Hörgsdal er metin sem eitt lögbýlisgjald og aðstaðan í Stóra-Hvammi metin sem eitt lögbýlisgjald fyrir Stuðlafoss. Að lokinni smölun afréttar- og heiðarlands norðan girðingar skal reka allt fé, austan Hörgsár, til réttar að Fossi og verður réttað þar **föstudaginn 9. september n.k. kl: 09.00**. Réttarstjóri verður Rúnar Þorri Guðnason Keldunúpi.
2. Ábúendur Mörtungu 1 og 2 skulu smala heiðarlönd sín norðan heiðargirðingar í tvö lögsöfn. Prestbakkakot smalar með þeim 2. safn. Reiknast það sem 1 lögbýlisgjald. Skulu þeir skila óskilafé til lögréttar að lokinni hverri heimarétt.
3. **Í annað safn verður farið 23. september** ef aðstæður leyfa. Ákveðið var að sleppa þriðja safni og fjölga frekar mannskap í fyrri söfnum. Þau pláss sem ekki skipast í fyrri söfnum verða nýtt til eftirleita eftir þörfum í samráði við gangnaforingja og eru menn beðnir að vera viðbúnir því með stuttum fyrirvara .
4. Daggjald á öllum afréttum sveitarfélagsins haustið 2022 verður kr. 17.350 og er fæðisgjald þar innifalið. Allir reikningar vegna fjallskila sem framvísað verður hjá sveitarstjóra Skaftárhrepps skulu vera löglegir gagnvart virðisaukaskatti og samþykktir af formanni fjallskilanefndar, eða gangnaforingja í umboði hans. Fjallskilakostnaði er jafnað niður í hlutfalli við tölu fjallskilaskilds búpenings 60% og 40% á lögbýli : **Ef menn geta ekki mætt til smölunar eins og þeim er ætlað samkv. meðfylgjandi skrá, eru þeir vinsamlegast beðnir um að láta gangnaforingja vita um það strax.**
5. Athygli skal vakin á að samkvæmt 24. gr. Fjallskilasamþykktar er hver eigandi eða umráðamaður lands skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en 20.október ár hvert. Jarðar- og fjáreigendur austan Hverfisfljóts senda ekki menn í afréttarsöfn en skulu smala sín heimalönd í samræmi við áður nefnda grein Fjallskilasamþykktar.

Þá eru menn minntir á að fara vel útbúnir á afréttinn með vel merktan farangur.

Fara skal vel með fé í smölun og rekstri.

Sameiginlegt mötuneyti verður í fyrsta og öðru safni.

Keldunúpi 03/08/22. Rúnar Guðnason, Björn Helgi Snorrason, Marvin Einarsson.

## Austur-síðuafréttur Fjallskil haustið 2022

Heimilisfang	1.safn	2.safn	Fjöldi daga í smölun	Álagning:31.230 kr/býli+ 431kr/kind	Greiðslur fyrir unnin söfn 17.350kr/dag	Mismunur +kr=Inneigni -kr=Skuld
Mörtunga 1	1.0	1.0	6	31,230	104,100	72,870
Mörtunga 2	1.0	1.0	6	122,177	104,100	-18,077
Prestsbakki	2.0	1.0	9	184,676	156,150	-28,526
Keldunúpur	2.0	1.0	9	135,108	156,150	21,042
Hörgsdalur	3.0	2.0	15	274,134	260,250	-13,884
Hörgsland 2	3.0	2.0	15	253,641	260,250	6,609
Múlakot				31,230	0	-31,230
Foss 2	2.0	2.0	12	207,952	208,200	248
Foss 3	1.0		3	40,282	52,050	11,768
Breiðabólsstaður				31,230	0	-31,230
Hörgslandskot				31,230	0	-31,230
Hörgslandskot (RJ)				31,230	0	-31,230
Hamrafoss				31,230	0	-31,230
Fagrifoss				31,230	0	-31,230
Foss 1				31,230	0	-31,230
Pverá				31,230	0	-31,230
Teygingalækur				31,230	0	-31,230
Slétta				31,230	0	-31,230
Hruni				31,230	0	-31,230
Orustustaðir				31,230	0	-31,230
Hraunból				31,230	0	-31,230
Sléttaból				31,230	0	-31,230
Prestsbakkakot			1	28,628	28,628	0
Hörgsland 1	1.0		3	31,230	52,050	20,820
Keyptir smalar	3.0	4.0		0	364,350	364,350
Samtals	19	14		1,746,278	1,746,278	0